



**Leikskóli Auðarskóla**

# **Námskrá 2012**

**Unnin 2011 af starfsfólki leikskólans**

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	<b>bls.</b>	<b>3</b>
<b>1 Leikskóli Auðarskóla</b>	<b>bls.</b>	<b>4</b>
1.1 Sögubrot		4
1.2. Verklagsreglur		4
1.3 Starfsmenn		7
<b>2 Markmið og áherslur</b>	<b>bls.</b>	<b>8</b>
2.1 Sýn Auðarskóla		8
2.1 Lykilviðmið starfsfólks		8
2.3 Þroskaviðmið		9
<b>3 Leikur og nám</b>	<b>bls.</b>	<b>12</b>
3.1 Leikurinn		12
3.2 Námið		12
3.3 Sérkennsla		14
<b>4 Samstarf</b>	<b>bls.</b>	<b>15</b>
4.1 Samstarf við aðrar deildir Auðarskóla		15
4.2 Dagleg samskipti		15
4.3 Foreldraviðtöl		15
<b>5 Hagnýtar upplýsingar</b>	<b>bls.</b>	<b>16</b>
5.1 Aðlögun		16
5.2 Fatnaður og útivera		16
5.3 Sérfræðipjónusta		17
5.4 Skólaakstur		17
5.5 Afmæli		18
5.6 Veikindi		18
6.7 Mötuneyti		18
6.8 Leyfi og mæting		19
6.9 Koma og brottför		19
<b>6 Mat á leikskólastarfi</b>	<b>bls.</b>	<b>20</b>
6.1 Um sjálfsmat		20
6.2 Aðferðafræðin		21
6.3 Sjálfsmatsáætlun		21
<b>7 Þróunarverkefni</b>	<b>bls.</b>	<b>23</b>
<b>8 Skipulag</b>	<b>bls.</b>	<b>24</b>
8.1 Dagskipulag		24
8.2 Upplýsingastreymi		24

## Inngangur

Allt leikskólastarf lýtur lögum. Sérstök leikskólalög segja til um hvernig leikskólar skulu í stórum dráttum starfa. Núverandi leikskólalög eru tiltölulega ný, eða frá 2008. Í kjölfar laga fylgja ýmsar reglugerðir, sem kveða nánar á um útfærslu lagana. Þar á meðal er Aðalnámskrá leikskóla, sem Menntamálaráðuneytið gefur út, en hún hefur reglugerðarígildi. Núverandi aðalnámskrá er mjög nýleg og kom út um mitt ár 2011. Þessi námskrá sem nú lítur dagsins ljós var unnin 2010 og fram á árið 2011 styðst því við gömlu námskránnu frá 1999. Árið 2012 verður hún uppfærð samkvæmt nýrri aðalnámskrá.

Aðalnámskráin er veigamikil rit þegar kemur að útfærslu innra starfs leikskóla. Hver leikskóli fyrir sig útfærir sitt starf með aðalnámskránnu að leiðarljósi. Slík útfærsla á að koma fram í námskrá leikskólanna. Í skólanámskrá sinni greinir leikskólinn í stórum dráttum frá því hvað sé gert í leikskólanum og hvernig hann hyggst ná markmiðum sínum.

Þann 01. ágúst 2009 tók til starfa nýr skóli í Dalabyggð; Auðarskóli. Auðarskóli, sem er samrekin skólastofnun, varð til við sameiningu Leikskólans Vinabæjar, Grunnskólans í Búðardal, Grunnskólans í Tjarnarlundi og Tónlistarskóla Dalasýslu. Fyrsta starfsárið fóru kraftarnir nokkuð í samhæfingaratriði milli hinna nýju deilda innan skólans, en í ágúst 2010 var ákveðið að hefja vinnu við gerð námskrár fyrir leikskóla Auðarskóla. Ákveðið var að byggja á námskrá Vinabæjar frá árinu 2007. Skólastjóri stýrir ritun og gerð skólanámskrárinnar.

## 1 Leikskóli Auðarskóla

### 1.1 Sögubrot

Vorið 1971 kemur kvenfélagið Þorgerður Egilsdóttir í Laxárdalshreppi upp gæsluvelli fyrir börn í Búðardal, sem opinn er yfir sumartímann. Var aðstaðan til að byrja með í skotinu við Dalabúð þar sem síðar var gerð sundlaug. Salernisaðstaða var í Dalabúð. Þegar ákveðið var að gera sundlaug í Búðardal varð gæsluvöllurinn að víkja. Var gæsluvöllurinn þá fluttur í Stekkjarhvamminn og útbjó kvenfélagið með hjálp Laxárdalshrepps og sjálboðaliða þar nýja aðstöðu nánast frá grunni. Settur var skúr með salernisaðstöðu upp og svæðið girt af. Núverandi leikvöllur í Stekkjarhvamminum er arfleið þess vallar.

Þegar neðri byggingin í Grunnskóla Búðardals er tekin í notkun (1975) þá flyst gæsluvöllurinn á skólalóðina, sem þá var afgirt. Gæslan hafði aðgang að skólanum og var salernisaðstaðan þar. Þarna festi loks gæsluvöllurinn rætur og var þarna rekinn af kvenfélaginu um árabíl.

Haustið 1984 gerir vart við sig skortur á vinnuafli til að vinna í sláturhúsinu í Búðardal og var brugðið á það ráð að stofnsetja leikskóla á Hótel Bjargi. Það er Laxárdalshreppur sem stofnsetur og rekur leiksólann alfarið, en byggt er á starfssemi gæsluvallarins og sama starfsfólki. Þann sama vetur, eða í febrúar 1985 flyst leikskólinn í efri byggingu grunnskólans og fékk þá nafnið Vinabær.

Árið 2009 flytur leikskólinn í eigið húsnæði við Miðbraut, sem hannað var og byggt sem leikskóli. Það sama ár er Leikskólinn Vinabær sameinaður öðrum skólum í Dalabyggð undir nafninu Auðarskóli.

### 1.2 Verklagsreglur

1. Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að fjölskylda þess eigi lögheimili í Dalabyggð, skv. þjóðskrá. Foreldrar leikskólabarna sem hyggjast flytja í Dalabyggð geta sótt um leikskóladvöl en þau fá ekki inngöngu fyrr en lögheimli hefur verið flutt.

**2.** Heimilt er að sækja um leikskólavistun þegar barn hefur náð 1 árs aldri. Barnið fer þá á biðlista. Leikskólinn er ætlaður börnum frá 18 mánaða aldri en ef svigrúm er á leikskólanum getur skólustjóri ákveðið að taka yngri nemendur inn. Umsóknareyðublað skal nálgast hjá aðstoðarleikskólustjóra. Í umsókn skal koma fram æskilegur dvalartími.

**3.** Lágmarksvistun eru fjórir tímar á dag og þá minnst tvo daga vikunnar. Klukkan 9.00 hefst dagskrá í leikskólanum og ekki gott að nemendur komi seinna en það í vistun. Ekki er hægt að skrá vistun á hálfum tímum né korterum nema á náðarkortum, sem hægt er að kaupa í upphafi og við lok vinnudags.

Komutímar kl.:	08.00	09.00	13.00				
Brottfarartímar kl.:		12.00	13.00	14.00	15.00	16.00	17.00
Náðarkorter kl.:	07.45	08.45				16.15	17.15

Matmálstímar eru eftirfarandi

Morgunmatur kl. 08.10 – 08:50

Hádegismatur kl. 11:30 - 12:00

Síðdegiskaffi kl. 15:00

**4.** Þar sem foreldrar, sem nýta sér skólaakstur, geta ekki haft áhrif á komu eða brottfarartíma skólabíla er vistunartími leikskólabarna í skólaakstri reiknaður á eftirfarandi hátt.

mán. - fim. kl. 8.00 – 15.00 7 stundir

föstudagar kl. 8.00 – 12.00 4 stundir

**5.** Forgangshópar (í fyrsta forgangi er börn í hópi A, svo B og svo koll af kolli) eru:

A. Börn sem búa við fötlun, misþroska, ofvirkni eða vegna félagslegra aðstæðna, sem er talið nauðsynlegt að mati félagsþjónustu að fái leikskólavist.

B. Börn einstæðra foreldra.

C. Börn á síðasta ári leikskólans (5 ára börn).

D. Börn starfsmanna leikskólans.

E. Börn sérmenntaðra starfsmanna, sem byggðaráð metur að ráðning sé háð leikskólavistun og varði hagsmuni sveitarfélagsins.

**6.** Þau börn sem fara á forgangslista fara fram fyrir önnur börn á biðlistanum. Við forgang er eins og önnur vistun háð því að laust plás sé fyrir hendi. Koma þarf beiðni um forgang frá foreldrum annars fer barn ekki sjálfkrafa í forgang.

Við úrvinnslu á biðlistum skal viðhafa eftirfarandi vinnubrögð:

- Börn í forgangi ganga fyrir öðrum börnum.
- Því eldra sem barnið er því meiri forgang hefur það.
- Ef velja þarf milli barna á sama ári ræður kennitala þannig að elsta barnið gengur fyrir.
- Ef sótt er um fyrir barn sem er að flytja í sveitarfélagið Dalabyggð fer það aftast í biðröð, nema það sé í forgangshópum.

**7.** Einstæðir foreldrar greiða lægra gjald á leikskóla, svo og ef foreldrar eru í fullu námi, sjá gjaldskrá leikskólans. Skilyrði fyrir niðurgreiðslu er að einstæðir foreldrar framvísi á hverju ári vottorði frá sýslumanni eða Tryggingarstofnun ríkisins. Eins er með foreldra í námi, þeir verða að framvísa innritunavottorði /námsvottorði frá skóla í upphafi hverrar annar. Hefji einstætt foreldri sambúð, skal það greiða hærra gjald, strax og sambúð hefst. Slíti foreldrar sambúð, skal leggja fram vottorð frá sýslumanni og kemur þá til lækkunar á gjaldi.

**8.** Ef barn er veikt í 2 vikur samfelld, endurgreiðist 1 vika. Ef barn er veikt, umfram 2 vikur samfelld, endurgreiðist gjald umfram 1 viku. Með beiðni um endurgreiðslu ber að framvísa læknavottorði.

Fari leikskólabarn í frí á vistunartíma, t.d. vegna ferðalaga, greiðast leikskólagjöld engu að síður enda ljóst að barnið verður í vistun að leyfistíma liðnum. Fæði er ekki innheimt í leyfum. Vistunarpláss haldast fram yfir sumarleyfi, nema forráðamaður segi því upp.

**9.** Séu vistgjöld ógreidd í þrjá mánuði er barni sjálfkrafa sagt upp leikskóladvöl.

**10.** Sækja þarf um skriflega ef breyta á vistunartíma barns fyrir 20. hvers mánaðar. Breyting á vistun tekur gildi 1. næsta mánaðar. Að öðrum kosti greiðist næsti mánuður eins.

Stjórnendur leikskólans fara yfir umsóknina og samþykkja eða hafna henni eftir aðstæðum. Ekki er víst að hægt verði að koma til móts við allar óskir strax.

**11.** Tilkynna skal skriflega fyrir 20. hvers mánaðar ef sagt er upp leikskóladvöl fyrir barn frá og með 1. næsta mánaðar

Gjaldskrá leikskólans er birt á vef sveitarfélagsins; [www.dalir.is](http://www.dalir.is) og breytist reglulega eftir ákvörðunum sveitarstjórar hverju sinni.

### **1.3 Starfsmenn**

Christine Sarah Arndt	leiðbeinandi
Eyjólfur Sturlaugsson	skólastjóri
Fanney Þóra Gísladóttir	leiðbeinandi
Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir	aðstoðarleikskólastjóri
Guðrún Kristinsdóttir	deildarstjóri
Gunnhildur Þ. Pétursdóttir	þroskajálfi
J. Sigríður Jónsdóttir	leiðbeinandi
J. Krístrún Jónsdóttir	leiðbeinandi
Málfríður M. Finnsdóttir	leiðbeinandi
Arna Björk Ómarsdóttir	skólaliði

## 2 Markmið og áherslur

### 2.1 Sýn Auðarskóla

Einkunnarorð Auðarskóla í öllu starfi hans eru: Ábyrgð – Ánægja – Árangur. Auðarskóli vinnur á grunni eftirfarandi gilda og stefnumiða:

- Að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum , umhverfi og samfélagi.
- Að skapa jákvætt andrúmsloft og vellíðan allra nemenda og starfsmanna.
- Að efla sjálfstraust , frumkvæði, sjálfstæða lífssýn og ábyrgð nemenda.
- Að glæða þekkingaleit og stuðla að fjölbreyttu og skapandi starfi.
- Að allir séu metnir að verðleikum og njóti skilnings og öryggis.
- Að veita því athygli sem vel er gert með umbun og hrósi.
- Að miða nám og mat á því við forsendur hvers og eins.
- Að byggja upp nán tengsl skóla, foreldra og samfélags.

### 2.2 Lykilviðmið starfsfólks

Með börnum:

- Við tölum við börnin í þeirra hæð og erum í augnsambandi við þau.
- Við gefum barni tækifæri á að gera sjálft það sem það hefur hæfni til.
- Við mætum börnunum af nærgætni í samskiptum og tölum ekki niður til þeirra.
- Við tökum vel á móti börnunum að morgni og komum til móts við þarfir þeirra.
- Við sitjum og leikum með barninu á gólfinu og veitum því athygli.
- Við notum hlýlega rödd í samskiptum við börnin.
- Við veitum börnum öryggi með reglulegri og hlýlegri líkamssnertingu.
- Við mætum tilfinningum sem koma upp; mismunandi tilfinningar eiga rétt á sér.
- Við hvetjum börn til að virða hvert annað í daglegum samskiptum.
- Við mætum öllum margbreytileika einstaklinga.



Sín á milli:

- Starfsfólk mætir ávalt hvert öðru með opnum hug og samstarfsvilja.
- Starfsfólk samhæfir reglur og vinnubrögð sín.
- Starfsfólk ber virðingu fyrir vinnustað sínum og starfsfélögum.
- Starfsfólk hrósar hvert öðru, styður og byggir upp (enginn vex af vantrausti).

### 2.3 Þroskamarkmið

Í leikskóla Auðarskóla er lögð áhersla á skapandi starf og leik barnsins. Ekki er um beina kennslu að ræða, sem stefnir að ákveðinni fræðilegri þekkingu heldur er áhersla á leik barna sem náms- og þroskaleið og á uppgötvunarnám.

Alhliða þroski er í brennidepli og í því felst m.a. líkams- og hreyfiþroski, tilfinningaþroski, vitsmunabroski, málþroski, félagsþroski/félagsvitund, fagurþroski/sköpunarhæfni og siðgæðisþroska. Leikskólinn reynir að hlúa að öllum þessum þroskabáttum; efla þá og örva samspil þeirra. Leikni í lífinu og gengi í námi barnsins í framtíðinni byggist á jafnvægi milli þessara þátta.

Líkams- og hreyfiþroski: Til að styrkja líkams- og hreyfiþroska barnanna er unnið að eftirfarandi þáttum:

- Að veita barni líkamlega umönnun.
- Að vernda heilsu barns og temja því hreinlæti.
- Að stuðla að því að barn verði sjálfbjarga.
- Að efla hreyfiþroska og hreyfigetu.
- Að stuðla að vellíðan og öryggi.

Tilfinningaþroski: Til að styrkja tilfinningaþroska barnanna er unnið að eftirfarandi þáttum:

- Að búa barni umhverfi sem einkennist af öryggi, hlýju og festu.
- Að kenna barni að bera virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum.
- Að efla sjálfstraust barns og trú á eigin getu.
- Að veita barni frelsi til að tjá tilfinningar sínar, reiði, ótta, gleði og sorg.
- Að veita barni aðstoð í erfiðleikum þess.

Vitsmunabroski: Til að styrkja vitsmunabroska barnanna er unnið að eftirfarandi þáttum:

- Að búa barni lærdómsríkt og örvandi umhverfi.
- Að þjálfa athyglisgáfu barna, hugsun, minni og einbeitingahæfni.
- Að hlusta á barn og svara spurningum þess.
- Að spyrja barn spurninga sem leiða til gagnrýnnar hugsunar.

Málþroski: Til að styrkja málþroska barnanna er unnið að eftirfarandi þáttum:

- Að auka orðaforða barns.
- Að ræða við barn í leik og starfi.
- Að hvetja barn til að tjá sig; segja frá og ræða við aðra.
- Að lesa fyrir barnið, segja því sögur og ævintýri og fara með þulur og kvæði.

Félagsþroski og félagsvitund: Til að styrkja félagsþroska og félagsvitund barnanna er unnið að eftirfarandi þáttum:

- Að stuðla að traustum og hlýjum samskiptum barna í milli og við fullorðna.
- Að örva samskipti barns við fólk á mismunandi aldri.
- Að beina barni að hópastarfi og styðja við það þegar þörf krefur.
- Að hjálpa barni við að leysa deilur á farsælan hátt.
- Að hvetja barn til að sýna öðrum virðingu og umburðarlyndi.
- Að hvetja barn til að virða skoðanir annarra.
- Að stuðla að því að barn temji sér góða umgengni og hreinlætisvenjur.
- Að stuðla að því að barn fái notið sín, óháð andlegu eða líkamlegu atgervi, kynferði, uppruna, menningu eða trú.
- Að efla skilning barns á gildi vináttu.

Fagurþroski og sköpunarhæfni: Til að styrkja fagurþroska og sköpunarhæfni barnanna er unnið að eftirfarandi þáttum:

- Að örva sköpunarhæfni barns, sköpunargleði og skapandi tjáningu.
- Að búa barni aðstæður og efnivið sem örvar frjálssa og skapandi tjáningu.
- Að veita barni tækifæri til að njóta lista.
- Að vekja áhuga barns á umhverfi og náttúru.

Siðgæðsiþroski og siðgæðisvitund:

- Að örva barn til að sýna umhyggju og umburðarlyndi.
- Að hvetja barn til sáttfýsi og samvinnu.
- Að vekja skilning barns á óbilgirni og að ofbeldi leysir engan vanda.
- Að hvetja barn til hjálpssemi og ábyrgðarkenndar gagnvart mönnum og málleysingjum.
- Að kenna barni að bera virðingu fyrir öðru fólki óháð trúar og lífsviðhorfum, kynþætti, uppruna, menningu eða atgervi.

### 3 Leikur og nám

#### 3.1. Leikurinn

Leikur er hornsteinn alls leikskólastarfsins; hann er í senn kennsluáðferð leikskólakennara og námsleið barnsins. Í bernsku er það að leika sér það sama og að læra og afla sér þekkingar. Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna. Í þykjustu- og hlutverkaleikjum og öðrum samleikjum lærist börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars á jafnréttisgrundvelli. Dagskipulag Auðarskóla er sniðið að leikþörf barnanna og dagleg útivera byggist ýmist á vettvangsferðum eða frjálsum leik. Leikkrókar. Í leikskóla Auðarskóla eru leikkrókar á báðum deildum þar sem börn geta notið sín í hlutverkaleik þ.e. í sjálfsprottnum leik. Sérstakur leikkrókur á gangi er fyrir heimilisleiki.

Einingakubbar. Einingakubbar ásamt öðrum opnum efnivið er notað í byggingarleik. Í skipulögðum leikjum og regluleikjum læra þau einfaldar samskiptareglur og að virða rétt annarra. Kubbarnir ýta undir frjálsa sköpun og rökhugsun.

#### 3.2. Námið

Ákveðin námssvið eru undirstaða náms barnanna í leikskólanum. Þessi námssvið skarast öll að meira eða minna leyti og haldast í hendur við leik, daglegt líf og lífsleikni barnanna. Lífsleikni. Segja má að leikskólaganga barns sé í raun samfelld lífsleikninám. Til að öðlast aukna lífsleikni þarf barnið að læra umburðarlyndi í samskiptum sínum og samneyti við aðra, læra að bera virðingu fyrir ólíku atgervi, skoðunum og menningu. Vinátta og samkennd er dýrmætt vegfesti fyrir þátttöku í félagslífi og samstarfi síðar í lífinu. Barnið þarf að tileinka sér lífsgildi, reglur, venjur og hefðir sem ríkja heima, í leikskólanum og í samfélaginu í heild. Í leikskólanum er frumkvæði barnanna eflt og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf. Þau eiga að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa. Í leikskóla á barnið að fá tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt og læra að gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sjálft sig og umhverfi sitt.

Málrækt. Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Málörvun á sér stað á öllum tímum dagsins, í fataklefanum, matmálistímum, hópavinnu og lestur í samverstundum. Helstu viðfangsefni málræktar felast í því að efla orðaforða barnsins og skilning á merkingu orðanna. Einnig að barnið læri að hlusta á og njóta góðrar frásagna eða upplesturs. Þá þarf að virkja barnið til tjáningar og virði rétt annarra til að tjá sig.

Hreyfing. Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfigeta þeirra er nátengd þroska og vexti. Dalabúð er notuð markvisst í skipulegar hreyfistundir. Útileiksvæði leikskóla Auðarskóla er vel hannað til leikja og hreyfingar allan ársins hring. Vegur þar einna mest stærð svæðisins og brekkur, sem ganga þarf reglulega upp og niður. Lögð er áhersla á að efla hreyfifærni barnanna og að þau öðlist raunhæfa mynd af líkamlegri færni sinni og getu sem að leiðir til aukins sjálfstraust og sjálfsaga.

Myndsköpun. Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli á skapandi hátt. Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin tjái sig frjálst og að sköpunargleðin fái að njóta sín. Sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman. Helstu viðfangsefni eru að barnið fái tækifæri til að þroska og þjálfra sköpunarhæfni sína og efla jákvæða sjálfsmynd, að eflt sé með barninu þor til að takast á við ný efni í listsköpun sinni og að þau læri að meta verk sín og annarra og virða þau.

Tónlist. Börn öðlast tónlistarþroska með því að fá fjölbreytta reynslu af tónlist og að kynnast hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starf. Söngstundum er gert hátt undir höfði í starfi leikskólans og stutt er við sjálfsprottinn söng barnanna og tilraunir þeirra með hljóðgjafa. Helstu viðfangsefni eru að þjálfra börnin í næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda og auka frumkvæði og frjálssa, skapandi tjáningu í tónlist.

Útivera. Í leikskóla er regluleg útivera nám í heilbrigðum lífsháttum. Útiveran er börnum allt í senn holl, styrkir og eflir mótstöðuafli og býður upp á góða hreyfingu. Útiveran er einnig grundvöllur þess að nema ýmislegt; t.d. um náttúruna og veðrið. Í útiveru fer einnig fram mikið af skapandi frjálsum leik.

Náttúran og umhverfið. Kynni barnsins við náttúruna er þýðingarmikil fyrir þroska þess. Í leikskólanum er stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúrunni og náttúruvernd. Í vettvangsferðum fá börnin fræðslu um sitt nánasta umhverfið og örnefni. Helstu

viðfangsefni eru að barnið læri að meta og nýta það sem náttúran gefur okkur og að barnið læri að ganga vel um náttúruna.

Menning og samfélag. Hver og einn er óhjákvæmilega þátttakandi í því samfélagi sem hann býr í. Íslenskt samfélag einkennist af fjölmenningu og strax í leikskóla lærum við um ólíkar hefðir og fána annarra þjóða. Hefðir eru ákveðin menningartákn og tengjast sögu okkar og fortíð. Í leikskólanum kynnist barnið ýmsu í menningu samfélagsins, t.d. eru kenndar gamlar þulur og kvæði, farið er í ýmsa gamla leiki og fjallað er um íslenska fánann – tákn fullveldis þjóðarinnar. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað; það að gera sér dagamun.

### 3.3. Sérkennsla

Í leikskóla eru börn með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Leitast er við að hvert einstakt barn fái við viðfangsefni við sitt hæfi. Í leikskóla Auðarskóla er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Þau börn sem þurfa á sérkennslu að halda fá hana samkvæmt lögum um leikskóla. Meginreglan er að sérkennslan fari fram í hópnum með öðrum börnum. Í leikskólanum er sérkennsla í höndum leikskólakennara í samvinnu við fagaðila og eru þeir ásamt leikskólastjóra og deildarstjóra ábyrgir fyrir því að gerðar séu áætlanir vegna barnanna og þeim framfylgt. Þegar grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni ber starfsfólki að byrja strax að ýta undir þroska barnsins og haga aðstæðum þannig að barnið eigi sem bestan möguleika á að ná "eðlilegum" þroska í foreldraviðtali er leitað eftir álit foreldra og rætt um stöðu barnsins í þroska og námi. Ef í ljós kemur að framfarir barnsins eru ekki sem skyldi er leyfi foreldra fengið til að sérfræðingur geri formlega athugun á þroska barnsins í leikskólanum með viðeigandi þroskaþrófi eða matstæki. Slíkt mat getur farið fram með þátttöku foreldra. Ef niðurstöður athugana sýna að barn þarfnist sérkennslu í leikskólanum eru gerðar ráðstafanir sem miða að því að kennslan geti farið fram innan ramma leikskólastarfsins.

## 4 Samstarf

### 4.1 Samstarf við aðrar deildir Auðarskóla.

Nemendur í elsta árgangi leikskólans taka þátt í kórastarfi tónlistarskólans með nemendum grunnskólans. Þá koma nemendur í tónlistarskólanum vikulega í heimsókn í leikskólann og spila fyrir nemendur í leikskóla.

Tólistardeild Auðarskóla sér einnig um að leiðbeina og ráðleggja starfsmönnum leikskólans, t.d. með námskeiðum.

Samstarfinu við grunnskóladeildina má skipta í tvennt. Annarsvegar taka nemendur í elsta árgangi leikskólans reglulega þátt í ýmsum uppákomum og atburðum í grunnskólanum. Dæmi um slíkt er tónlist fyrir alla, tónleikar gesta og leiksýningar. Þá taka nemendur þátt í danskennslu sem stendur yfir í 10 daga að hausti.

Hinsvegar eru elstu nemendur leikskólans í markvissu samstarfi með yngstu nemendum grunnskólans í stærðfræði. Þeir fara í heimsóknir í grunnskólann einu sinni í viku og sitja kennslustundir með yngstu nemendum í grunnskólanum.

1. bekkur grunnskólans kemur í leikskólann á föstudagsmorgnum og þá er sameiginleg söngstund og síðan frjáls leikur.

### 4.2 Dagleg samskipti

Þegar foreldrar koma eða sækja barn sitt í leikskólann fara fram helstu samskipti á milli foreldra og starfsmanna. Þótt mínúturnar séu fáar eru þær notaðar til að skiptast á boðum og helstu fréttum af því sem er að gerast í lífi barnsins. Foreldrum er velkomið að staldra við og spjalla eða líta inn í leikskólann af og til og taka þátt ef þeir hafa tíma.

### 4.3 Foreldraviðtöl

Allir foreldrar eru boðaðir í foreldraviðtöl einu sinni á vetri en foreldrar geta einnig óskað eftir viðtali á öðrum tímum. Í þessum viðtölum er m.a. rætt um líðan barnsins í leikskólanum, þroska barnsins, hvernig barninu gengur í félagslegum samskiptum o.fl. Leikskólakennari getur líka boðað foreldra í viðtal ef hann telur þörf á því.

## 5 Hagnýtar upplýsingar

### 5.1 Aðlögun

Þegar barn byrjar í leikskóla er mikilvægt að það gerist smám saman svo barnið verði öruggt í nýju umhverfi og njóti sín sem best. Í aðlögun kynnist barnið starfsfólki, hinum börnunum og húsakynnum leikskólans. Á aðlögunartímanum eykst öryggi barnsins smám saman og það verður tilbúnara til að vera með í leikskólahópnum.

Aðlögun er ekki einungis aðlögun barns, heldur einnig tími fyrir foreldra og starfsfólk að kynnast. Með góðum aðlögunartíma aukast tengslin milli foreldra og starfsfólks.

Hornsteinn er lagður að öryggi og vellíðan barnsins og samstarfi heimilis og skóla.

Aðlögun er höfð stutt fyrsta daginn og lengd svo frá degi til dags til þess að barnið fái gott tækifæri til að meðtaka breyttar aðstæður. Einnig er það nauðsynlegt til að draga úr þreytu og spennu.

Foreldrar fylgja börnum sínum í aðlögun sem skipulögð er í samstarfi við deildarstjóra og starfsfólk.

Foreldrar þurfa að ætla sér u.þ.b. vikutíma í aðlögun barnsins inni í leikskólanum en heildaraðlögunin tekur þó miklu lengri tíma eða allt að 6 - 8 vikur. Aðlögun tveggja ára barna er að lágmarki 7 dagar. Venjan er að hver deild taki að hámarki tvö börn á viku í aðlögun.

### 5.2 Fatnaður og útivera

Nauðsynlegt er að börnin hafi með sér viðeigandi klæðnað í leikskólann sem miðast við veðurfar hverju sinni. Áhersla er lögð á að börnin geti tekið þátt í starfi leikskólans bæði úti og inni.

Mikilvægt er að börnin séu með aukafatnað ef óhöpp verða. Einnig er gott að merkja fatnað barnanna til að koma í veg fyrir að fatnaður ruglist saman við fatnað annarra barna.

Börnin fara út á hverjum degi jafnvel þó eitthvað smávegis sé að veðri. Útivera styrkir og eflir, eykur matarlyst og býður upp á holla hreyfingu sem öllum er nauðsynleg. Það er



ekkert sem bendir til þess að börn sýkist fremur í útilofti en innandyra. Börn sem dvelja mikið innandyra eru kulsælli en þau börn sem vön eru útiveru.

Vert er að geta að börn sem dvelja mikið inni missa af hollu og eðlilegu samneyti við félag sína. Með þetta í huga eru foreldrar beðnir um að hafa samráð við starfsfólk áður en beðið er um að hafa barnið inni vegna smávægilegra kvilla. Börn fá ekki að vera inni nema eftir að hafa verið veik heima með hita, þá mega þau vera einn dag, en tekið er auðvitað er tekið tillit til aðstæðna hverju sinni.

### 5.3 Sérfræðiþjónusta

Skólasálfræðingur Auðarskóla kemur reglulega til starfa í skólanum. Mál er varða þroska og hegðun heyra undir hans sérfræði. Sálfræðiþjónusta (greining og ráðgjöf) gagnvart einstökum nemendum er gerð í kjölfar beiðni, sem þarf að gera á þar til gerðu eyðublaði sem fæst í skólanum. Forráðamenn barna, starfsmenn leikskóla, félagsþjónustu og heilsugæslu geta átt frumkvæði að athugun og greiningu á einstökum nemendum. Beiðnir fara í gegnum deildarstjóra og/eða stjórnendur skólans.

Talmeinafræðingur Auðarskóla kemur reglulega til starfa í skólanum. Mál er varða málþroska og framburð heyra undir hans sérfræði. Beiðnir til hans fara í gegnum deildarstjóra og/eða stjórnendur skólans.

### 5.4 Skólaakstur

Börn í leikskóla, sem eru í skólaakstri eru sett í bílstóla í skólabílum samkvæmt öryggisviðmiðum. Skólabílstjórar leiða og fylgja ávallt leikskólabörnum úr og í skólabíla í Búðardal. Afar mikilvægt er að foreldrar láti skólabílstjóra vita í tíma ef barn fer ekki með skólabíl. Að öðru leyti er vísað í reglur sveitarfélagsins um skólaakstur, sem m.a. má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Skólabílar ganga ekki alla daga sem leikskólinn er opinn, heldur aðeins þá daga sem skráðir eru nemendadagar á skóladagatali grunnskólans. Aðra daga þurfa foreldrar sjálfir að sjá um akstur.

## 5.5 Afmæli

Afmældisdagur barnsins er merkisdagur í lífi þess. Haldið er hátíðlega upp á daginn. Barnið fær kórónu og sunginn er afmælissöngurinn. Á Álfadeild fær barnið að bjóða uppá popp eða saltstangir og á Bangsadeild er boðið upp á rúsínur og saltstangir. Einnig er hengt upp spjald í fataklefa þannig að allir viti hver á afmæli.

## 5.6 Veikindi

Það er ekki hægt að taka á móti veiku barni í leikskólann. Ef barn veikist í leikskólanum þá ber foreldrum að sækja það eins fljótt og unnt er. Það þarf ávalt að láta vita ef barn greinist með sýkingu sem smitast gæti í önnur börn. Börn fá að vera inni í einn dag eftir veikindi, og þarf barnið að hafa verið a.m.k. einn dag hitalaust heima áður en það fer í leikskólann.

## 5.7 Mötuneyti

Í leikskólanum er boðið upp á morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu. Heitur matur í hádegi er eldaður í Dalabúð og fluttur í leikskólann. Morgunmatur og síðdegishressing er útbúin og borin fram af starfsfólki leikskólans. Meginmarkmið mötuneytis Auðarskóla eru eftirfarandi:

- Við matseðlagerð, hráefnisval, matreiðslu og framreiðslu er haft að leiðarljósi að maturinn sé hollur og næringarríkur, sé lystugur og henti börnunum.
- Við skipulag, undirbúning og útfærslu eru leiðbeiningar í Handbók fyrir skólamötuneyti sem gefin var út af Lýðheilsustöð, hafðar að leiðarljósi.
- Reglulega er leitað til næringarráðgjafa með leiðbeiningar, yfirlestur matseðla og aðra ráðgjöf.

Innheimt er mánaðarlega fyrir þátttöku í mötuneytinu jafnhliða innheimtu á vistunargjöldum.

### **5.8 Leyfi og mæting**

Almenna reglan er að leikskólabörn koma og fara á þeim tíma sem þau eru skráð. Ekki er hægt að koma með börnin fyrir eða sækja þau seinna. Ef foreldrum seinkar og eru nokkrum mínútum of sein að sækja börn sín er reiknuð sekt til viðbótar vistunargjöldum. Við sérstök tilvik eins og áföll, slys og slæm veðurskilyrði er hægt að fá lengingu á vistun með stuttum fyrirvara.

Tilkynna skal leikskólanum ef um styttri sem lengri leyfi eru framundan hjá leikskólabarni.

### **5.9 Koma og brottför**

Tíminn þegar foreldrar koma með börnin og sækja þau, er mikilvægur tími til samskipta milli starfsfólks leikskólans og foreldra. Á þessum tíma koma foreldrar með skilaboð um eitt og annað varðandi líðan og stöðu barns síns þann daginn og við brottför gefur starfsfólk upplýsingar hvernig hafi gengið. Foreldrum er velkomið að staldra við eða koma aðeins fyrir að sækja barn til þess að líta á starf leikskólans eða ræða við starfsfólk. Mikilvægt er að foreldrar láti vita í leikskólann ef frávik eru á því hver sækir barnið. Ekki er æskilegt að ungum systkinum sé falin slík ábyrgð nema í undantekningartilvikum.

## 6 Mat á leikskólastarfi

### 6.1 Um sjálfsmat

Um sjálfsmat grunn- og leikskóla er kveðið á í lögum(lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um leikskóla nr.90/2008). Samkvæmt lögnum er matinu ætlað eftirfarandi:

- A. Veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.
- B. Tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár skóla.
- C. Auka gæði náms og stuðla að umbótum.
- D. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu samkvæmt lögum.

Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og þarf að vera langtímamiðað.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Menntamálaráðuneytið sér um að framkvæma úttekt á sjálfsmati hvers skóla á fimm ára fresti. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Í Auðarskóla verður innra starf skólans metið með kerfisbundnum hætti með virkri þátttöku nemenda, foreldra og starfsmanna eftir því sem við á. Með sjálfsmatinu er starfsfólki skólans skapaður vettvangur til að auðvelda vinnu að umbótum, upplýsa yfirvöld og almenning um starfið. Leitast er við að beita fjölbreyttum rannsóknaraðferðum við sjálfsmatið, bæði meginlegum og eiginlegum. Bæði verður upplýsinga aflað á kerfisbundinn hátt og formleg gögn, sem snúa að skólastarfinu, skoðuð.

## 6.2 Aðferðarfræðin

Sjálfsmat Auðarskóla verður byggt á blandaðri aðferðafræði, þ.e. verður byggt á eigindlegri og megindlegri aðferðafræði. Við gagnaöflun verður mikil áhersla lögð á að sjálfsmatið byggi á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Við gagnaöflun í sjálfsmatsferlinu er gert ráð fyrir því að Auðarskóli geti að hluta nýtt sér gögn úr ytra mati, s.s. niðurstöður samræmdra prófa, mætingaskráningar og önnur opinber og skráð gögn. Skólinn mun þó einnig meta starf sitt með öðrum hætti og afla gagna á eigin hátt, m.a. með viðhorfskönnunum sem ná til allra aðila er tengjast starfsemi skólans. Tvisvar sinnum á hverjum vetri eru lagðar fyrir kannanir fyrir foreldra, starfsfólk og nemendur eftir atvikum. Allt starfsfólk skólans fer í starfsmannasamtöl hjá stjórnendum skólans og verður reynt að tengja starfsmannaviðtölin sjálfsmatsþáttum skólans hverju sinni.

Aðferðarfræðin byggir á nokkrum þrepum, sem fylgt er við sjálfsmatið og úrvinnslu þess. A) Fyrst setur skólinn sér stefnu og markmið í skólastarfinu sem taka mið af framtíðarsýn og hlutverki hans. B) Næst eru settir upp mælikvarðar (mælitæki) til að mæla hvernig skólanum gangi að ná settum markmiðum og útbúnar eru grunnspurningar sem ætlað er að fá svör við í sjálfsmatinu. C) Þá fer fram mat á hinum ýmsu þáttum skólastarfsins samkvæmt 5 ára sjálfsmatsáætlun, með tilheyrandi gagnaöflun. D) Eftir að mælingar á tilteknum þáttum hafa farið fram er í kjölfarið unnið að aðgerðum til að bæta skólastarfið og er þá byggt á greiningum á veikum og sterkum hliðum skólastarfsins. E) Að lokum eru sett ný markmið, mælikvarðar endurskoðaðir og mælingar endurtekna.

## 6.3 Sjálfsmatsáætlun 2010 – 2015

Sjálfsmatsáætlun Auðarskóla nær yfir fimm ár. Við ákvörðun þess hvaða þætti ætti að hefja sjálfsmat á var leitað til alls starfsfólks Auðarskóla. Starfsfólkið forgangsraðaði á fundum þeim þáttum sem þeim fannst mikilvægast að meta. Byggt er alfarið á niðurstöðu af þessum fundum.

Almennt er áætlað að mæla tvö til þrjú viðfangsefni á hverju skólaári ásamt endurmati á þáttum í kjölfar umbóta, sem framkvæmdar hafa verið í kjölfar fyrri matsniðurstaðna.

Viðfangsefni sjálfsmats	2010-2011	2011-2012	2012-2013	2013-2014	2014-2015
Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf.	x				
Starfsfólk líðan, þarfir, starfsandi og samstarf.	x				
Skólanámskrá.		x			
Starfsskipulag.		x			
Nám og námsárangur / Leikur			x		
Aðbúnaður			x		
Samstarf heimila og skóla.				x	
Viðmót og menning.				x	
Ytri tengsl.				x	
Starfsáætlun.					x
Stjórnun.					x
Umbótaáðgerðir og þróunarstarf.					x

## 7 Þróunarverkefni

Leikskóli Auðarskóla leggur áherslu á að þróa starf leikskólans með hagsmuni barna og samfélagsins í huga. Með það að leiðarljósi er reynt að styrkja og styðja frumkvæði starfsfólks til nýbreyttni og umbóta.

Árin 2009 – 2011 hefur verið unnið þróunarverkefni í leikskólanum sem snýr að samstarfi elstu nemenda leikskóladeildar og yngstu nemenda grunnskóladeildar. Umsjónarmenn verkefnisins eru Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og Jóhann Sigrún Árnadóttir umsjónarkennari. Verkefnið hlaut styrk úr VONar sjóði Kennarasambands Íslands 2010.

## 8 Skipulag

### 8.1 Dagskipulag

<i>Bangsadeild</i>	<i>Álfadeild</i>
7:45 róleg stund	7:45 róleg stund
8:30 – 8.50 morgunmatur	8:00 – 08.50 morgunmatur
9:00 söngstund	9:00 samvera
9:15 frjáls leikur/hópastarf	9:15 val / hópastarf
10:00 ávaxtastund	10:00 ávaxtastund
10:15 útivera	10:15 útivera
11:30 hádegi	11:30 söngstund
12:30 róleg stund/hvöld	11:45 hádegi
13:00 frjáls leikur	12:30 samvera
13:45 útivera	13:00 frjáls leikur
15:00 kaffitími	13:45 útivera
15:30 frjáls leikur	15:00 kaffitími
	15:30 frjáls leikur

### 8.2 Upplýsingastreymi

Allar helstu upplýsingar um starf leikskólans eru aðgengilegar á vefsíðu Auðarskóla; [www.audarskoli.is](http://www.audarskoli.is). Þar er að finna hagnýtar upplýsingar, námskrá, fréttir og myndir úr skólastarfinu.

Reglulega, þegar koma þarf upplýsingum til foreldra, er sendur tölvupóstur á heimilin og/eða settir miðar í hólfi barnana. Mikilvægt er að foreldrar athugi hvort skilaboð séu í nemendahólfum þegar þeir sækja börn sín.